



Borgarhólsskóli

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur R. Vigfúsdóttir

<http://borgarholsskoli.is>

Frá skólastjóra

2. árg. 1.tbl.

Tíminn hreinlega flýgur frá okkur og nú nálgast annarskil. Foreldrum ber að þakka frábæra þátttöku í leiðsagnarmati síðustu annar. Vona ég að skilin verði jafngóð núna og þá. Haft var á orði að sennilega væri þetta allra besta foreldrapátttaka sem menn vissu um, miðað við fyrstu tilraun. Afar glæsilegt og við í Borgarhólsskóla montin með foreldrana.

Í tengslum við annarskil nú í mars munu foreldrar fá heim könnun frá skólanum sem við biðjum þá að svara eftir bestu getu og skila í þar til gerða kassa í skólanum á viðtalsdaginn sjálfan. Mikilvægt er að sem flestir svari og skili. Könnun sem þessi gefur okkur sem störfum í skólanum ákaflega mikilvægar upplýsingar fyrir þróun skólastarfsins og þarna geta foreldrar vissulega haft áhrif.

Búið er að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir 2011 og ljóst að í Borgarhólsskóla þarf ekki að fara í róttækar breytingar eins og víða. Segja má að við höldum okkar striki og þökkum við sveitarfélaginu það.

Framundan:

- ☺ Vetrarfrí
- ☺ Annarskil
- ☺ Foreldraviðtöl
- ☺ Skólasamkoma
- ☺ Foreldravika
- ☺ Páskafrí

Byrjendalæsi

Haustið 2010 hóf Borgarhólsskóli þátttöku í verkefninu Byrjendalæsi. Það eru umsjónarkennarar 1. og 2. bekkjar sem taka þátt í vetur í verkefninu og deildarstjóri 1.-7. bekkjar sem er leiðtogi þess. Verkefnið er unnið undir handleiðslu ráðgjafa frá Háskólanum á Akureyri. Meginmarkmið byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd varðandi lestur. Sum þekkja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Takk fyrir komuna á salarskemmtanir það sem af er ári. Gaman að sjá hve margir geta alltaf komið.

Mistök eru undanfari framfara

Jákvæður agi

Öllum skólum er það skylt að hafa opinbera uppeldisstefnu. Að vel athuguðu máli hefur sú ákvörðun verið tekin að Borgarhólsskóli leggi til grundvallar starfi sínu uppeldisstefnu sem nefnist "Jákvæður agi" en hún er náskyld Uppbyggingarstefnunni sem margir skólar hér á landi eru að innleiða. Þessar stefnur eiga það sameiginlegt að vera þróaðar út frá svokallaðri "sjálfsstjórnarkenningum", sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Hugmyndafræðin "jákvæður agi" gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Naustaskóli hafði frumkvæðið að kynningu þessarar stefnu hér á landi og er að innleiða hana í sitt skólastarf. Skólastjóri Naustaskóla hefur komið hér til okkar og kynnt þeirra vinnu og innleiðingu mjög vel. Það auðveldar okkur að leggja grunninn fyrir næsta vetur þegar innleiðing á þá hefjast fyrir fulla alvöru. Það sem eftir er þessa skólaárs mun starfsfólk skólans nýta til að fræðast um stefnuna og undirbúa okkur svo innleiðing megi takast sem best.

Nánari upplýsingar eru að finna á eftirfarandi vefslóðum:

<http://www.posdis.org> og <http://www.positivediscipline.com>

Bill Scott er skólastjóri Chalker-grunnskólans í Kennesaw í Georgíu í Bandaríkjunum.

Hann er sérfræðingur á sviði jákvæðs aga og persónuleikakennslu og hefur hlotið margvísleg verðlaun sem kennari, þar á meðal var hann tilnefndur besti skólastjóri ársins í Georgíuríki árið 2002. Hann var hér á landi 2004 á ráðstefnu og hélt fyrirlestur um Jákvæðan aga.



Eftirfarandi viðtal er tekið af vef mbl.

Hvað felur hugtakið jákvæður agi í sér?

"Jákvæður agi er byggður á kenningum Alfreds Adlers og Rudolfs Dreikurs. Jákvæður agi er hegðunarstjórnunarkerfi, sem er byggt á góðvild, virðingu, ákveðni og hvatningu. Foreldrar og kennarar sem sýna skilning og samúð kalla fram samvinnu, góða hegðun og hæfileika til að takast á við vandamál hjá ungu fólki. Þetta kerfi laðar fram færni sem er nauðsynleg bæði núna og síðar í lífinu."

Hvert er mikilvægasta ráðið sem þú gefur uppalendum?

"Þjálfun tekur tíma! Við búum í heimi þar sem við erum orðin vön umsvifalausum árangri og umsvifalausum viðbrögðum. Þetta eru afleiðingar hátækninnar. En við verðum að muna að breytingar á fólki taka tíma. Ef einhver kæmi til mín sem fullorðins einstaklings og segði að ég yrði að breyta þremur hlutum í sambandi við sjálfan mig væri ekki nóg að segja það. Ég yrði sjálfur að ákveða hvort ég væri því sammála, til þess að breytingarnar gætu átt sér stað. Síðan þyrfti ég að ákveða hvort og hvenær ég myndi framkvæma þær. En með stuðningi og hvatningu eru allar breytingar mögulegar.

Jákvæður
agi snýst
ekki um
fullkomnun
frekar um
framfarir.

Jákvæðum árangri má oft ná með bekkjar- eða fjölskyldufundum. Fullorðnir bera þá ábyrgð að hjálpa börnum og þróa með sér skapgerðareinkenni sem lætur þau lifa hamingjusömu og innihaldsríku lífi. Jákvæður agi snýst ekki um fullkomnun, frekar um framfarir."

Skólastarfið

Það er mikið um að vera nú sem endra nær í skólastarfinu fyrir utan "hið hefðbundna" nám. En ekki má gleyma að í öllu felst nám sem sett er fram á faglegan máta. Hér er smá innlit inn í skólastarfið síðustu viku.

- 10. bekkur fór og heimsótti Framhaldsskóla Húsavíkur, Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann.
- 9. bekkur fór að Laugum í Sælingsdal og var þar í 5 daga.
- 8. bekkur hélt Þorrablótið sitt með pomp og pragt, þorramat, fjöldasöng og gömlu dönsunum.
- 7. bekkur æfir nú af krafti fyrir Skólasamkomuna og vinnur mikið með eineltishugtakið.
- 6. bekkur fékk heimsókn eldri nemenda á 112 daginn og fengu fræðslu um læsta hliðarlegu og ýmis fyrstu viðbrögð.
- 5. bekkur eru að æfa af fullum krafti fyrir sal sem er strax eftir vetrarfríið.
- 4. bekkur er m.a. að byrja að vinna með sveitina og allt sem henni fylgir.
- 3. bekkur fékk vinabekkin sinn (7. bekk) í heimsókn einn morguninn og tókst sú heimsókn mjög vel, þar sem þau eldri miðluðu af reynslu sinni og þekkingu.
- 2. bekkur hefur nýlokið við Læsispróf 2 og er í Byrjendalæsinu.
- 1. bekkur var með foreldrasýningu nú á dögum og sýndi vinnu sína um Sófus og svínið.

EINELTI NEI, TAKK

Þriðjudagurinn 15. febrúar var tileinkaður vinnu gegn einelti. Forskrift dagsins var **Einelti, nei takk**. Við hittumst saman á sal í blönduðum aldurshópum og sungum Skólasöng Borgarhólsskóla og fræddumst aðeins um einelti. Við minntum okkur á öll á að í Borgarhólsskóla er einelti ekki liðið og öllum á að geta liðið vel í skólanum okkar. Þá fóru allir út, nemendur og starfsfólk og sýndu skólanum sínum virðingu og væntumþykju með því að faðma hann. Og viti menn, við náðum utan um hann!

